

Ed.

415. Breytingartillögur

[21. mál]

við frv. til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá Ólafi Jóhannessyni og Birni Jónssyni.

1. Við 1. gr.
 - a. Í stað „1960“ í 2. málgr. komi: 1961:
 - b. Við greinina bætist:

og enn fremur til lánveitinga handa fyrirtækjum, er á undanförnum árum hafa komið upp vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir, en hafa ekki fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda.
2. Við 2. gr.
 - a. 1. málgr. orðist svo:

Lán samkvæmt lögum þessum skulu veitt gegn veði í fasteignum bænda, ásamt mannvirkjum, sem á jörðunum eru, landbúnaðarvélum bænda og vinnslustöðvum landbúnaðarins.
 - b. 2. málgr. orðist svo:

Lánstími skal vera sem hér segir: Lán út á fasteignir allt að 20 ár.
Lán út á vélar allt að 10 ár.
 - c. Við 3. málgr. bætist:

en þó séu vextirnir eigi hærri en 6½% á ári.
3. Við 6. gr. Framan við greinina komi:

Umsóknir um lán samkvæmt lögum þessum skulu sendar veðdeildinni fyrir 1. maí 1962.